



Íslendingur. Úrklippur úr blaðinu 1938

Bjarni Benediktsson – Íslendingur. Úrklippur úr blaðinu 1938

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-6, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÍSLENDINGUR

Ritstjóri og afgreiðslum.: Jakob O. Pétursson, Fjólugötu 1, Sími 375. Pósthólf 118.

XXIV. árgangur.

Akureyri, 18. Febrúar 1938.

10. tölubl.

Klofningur Alþýðuflokksins — óumflýjanlegur —

Í síðasta blaði var sagt frá brottvikningu Héðins Valdimarssonar úr Alþýðusambandinu, eftir tillögu Jóns Baldvínssonar.

Sá atburður hefir, sem við var að búast, hleypt mikilli ólgu í félagsskap verkamanna og jafnaðarmanna, ekki aðeins í Reykjavík, heldur og víðsvegar um land. Meira að segja hafa kommúnistar hér á Akureyri gefið út 2 fregnimiða með 2ja daga millibili vegna þeirra atburða, er nú eru að gerast innan verkfýðsflokkanna í Reykjavík.

Ósigur samfylkingarinnar í Rvík við bæjarstjórnarkosningarnar mun hafa orðið orsök til þessa uppslausnarástands vinstri flokkanna þar. Hægfara jafnaðarmenn, sem fylgja Jóni Baldvínssyni og Ólafi Friðrikssyni, munu hafa unað því illa, að þeim (J. B. og Ól. Fr.) skyldi boðað frá að komast í bæjarstjórn og því gengið yfir á Jónas frá Hríflu við kosningarnar. — Alþýðublaðið tekur málstað hægri armsins í Alþýðuflokknum og synjar Héðni um rúm fyrir greinar, svo að hann verður að rita í málsgagn kommúnista. Stefán Jón. Stefánsson, efsti maður samfylkingarlistans er í »Þjóðviljanum« sakaður um samningsrof, o. s. frv. Þannig var eining »samfylkingarinnar«. — Eftir kosningaósigurinn ræðst svo »Þjóðviljinn« á Alþýðublaðið og ber Héðinn Valdimarsson fyrir því, að Alþýðuflokkurinn í Reykjavík beri enga ábyrgð á skrifum Alþýðublaðsins og að það sé í andstöðu við meiri hluta kosninganeftdar flokksins. — Á fyrsta fundi hinnar nýju bæjarstjórnar í Rvík fór allt í handaskolun milli fulltrúa samfylkingarinnar um nefndarkosningar. Og um sömu mundir skrifar Héðinn Jóni Baldvínssyni bréf og segir sig úr öllum fjárhagslegum ábyrgðum, sem hann hefir tekið á sig fyrir Alþýðublaðið og Alþýðuprentsmiðjuna.

S. l. miðvikudag er svo fundur í stjórn Alþýðusambands Íslands, og er þar samþykkt tillaga frá Jóni Baldvínssyni með 7:2 atkv. að reka Héðinn úr Alþýðusambandinu með þeim rökum, að hann hafi starfað gagnstætt samþykktum síðasta Alþýðusambandsþings. — Á laugardaginn (12. febr.) kom út aukablað af tímariti jafnaðarmanna, »Nýtt land«, og birtist þar greinargerð Héðins Valdimarssonar, þar sem hann telur brotttrekstrartilögu Jóns Baldvínssonar óréttmæla og ástæðulausa.

Á sunnudaginn var haldinn aðalfundur í Verkamannafélaginu »Dagsbrún« í Reykjavík. Var fundurinn samfimis á 2 stöðum, og sóttu hann 800—900 manns. Samþykkti hann mótmæli gegn brotttrekstri Héðins með 485 atkv. gegn 27 og vantraust á meiri hluta Alþýðusambandsstjórnarinnar. Þá samþykkti fundurinn, með 460 atkv. gegn 27, að vikja skyldi Jóni Baldvínssyni úr félaginu »Dagsbrún«, ef hann hefði ekki innan viku afturkallað brottrekstur Héðins og ef Alþýðublaðið breytti ekki um stefnu.

Á fundinum var Héðinn kosinn formaður »Dagsbrúnar« með 663 atkvæðum, og í trúnaðarráð félagssins með 716 atkvæðum.

Þá var sú ályktun samþykkt, að félagið teldi þá Stefán Jón. Stefánsson, Jón Axel Pétursson og Soffiu Ingvarsdóttir EKKI fulltrúa þess í bæjarstjórn.

Allt þetta bendir til þess, að klofningsstarfsemi og samfylkingarmakk Héðins Valdimarssonar ætli að bera virkan árangur. Má búast við, að mikill hluti Alþýðuflokksins renni saman við Kommúnistaflokk Íslands innan skamms, en hvort deild Jóns Baldvínssonar heldur áfram að vera til sem sjálfstæður flokkur, eða Framsóknarflokkurinn hirðir leifarnar, verður tíminn að leiða í ljós. En eins og nú horfir við, verður tæplega hægt að ætla, að Alþýðuflokksins gamla gæti nokkuð til áhrifa í næstu framtíð.

Jón Sveinsson:

Nú gjörist skammt stórra hoggva á milli

Níðarl.

En nú hefst kosningahríðin. Í útvarpinu lýsir J. J. því yfir að nú gangi kaupmenn og Kaupfélagið á Akureyri til samstarfs við þessar kosningar, undir forystu Vilhjálm Pór. Þessu útvarpsrausi hans trúði enginn góður Sjálfstæðismaður, og áleit það ekki hafa við nein rök að styðjast.

Í kosningabaráttunni virðist svo, að Dagur sjái enga aðra á lista Sjálfstæðismanna og óháðra borgara, en mig og frk. Arnfinnu Björnsdóttur; urrear að vísu nokkuð

að Brynleifi Tobfássyni, en getur annarra lítt, nema hvað heilt er að sjá, sem hann bjóði 2. og 4. mann listans velkomna.

Það á ofanrituðu og eins því, hversu málsgagn Sjálfstæðisflokksins hér var einkennilega dauft og litlaust, hefði mátt ráða, að ekki væri að tjúa einingunni innan Sjálfstæðisflokksins.

En Indriði gekk um milli mín og minna áhrifamestu stuðningsmanna, og kvæð allt heilt frá sér og sinna hálfu. En kvartaði um að samtök

NÝJA BIO

Föstu- og Sunnudagskvöld kl. 9:

ROMEO og JULIA

Tal- og hljómmynd í 10 þáttum, tekin eftir þinu heimsíraega leikriti skáldjófursins

WILLIAM SHAKESPEARE

Aðalhlutverkinn leika:

Norma Shearer og Leslie Howard.

Það er talið að Shakespeare hafi skrifað »Romeo og Júlíu« um 1595. Eini leikritsins sækir hann í harmsöguna um Romeo og Júlíu eftir Luige da Porta. Sagan og leikurinn gerist í ítalska bænum fagra Verona og er sagt að þar sé ferðamönnum ennþá sýnt hús það, er hin undurfagra Júlía bjó í. Það eru fleiri listamenn, sem tekið hafa sér yrkisefni úr sögunni um Romeo og Júlíu. Til eru óperur um það efni eftir Bellini og Gounod symfonia eftir Berlioz og hljómaleikaflokkur eftir Tschaikevsky. Það er því úr nægu efni að veifa til þess að gera kvikmynd um Romeo og Júlíu.

Laugardagskvöld kl. 9:

Blindir farþegar

Tal- og hljómmynd í 10 þáttum, Aðalhlutverkinn leika:

LITLI og STÓRI

HLÆGIÐ.

HLÆGIÐ.

Ennþá eru Litli og Stóri byrjaðir að leika og vinsældir þeirra sýnast alveg þær sömu og áður, enda eru nú líklega engir gamanleikarar uppi á Norðurlöndum, sem hafa komið flérum til þess að hlæja.

Sunnudaginn kl. 5:

GOLGATHA

Alþýðusýning!

Niðursett verð!

veru um útstrykur á hans nafni á listenum.

Ég fullvissaði hann um að engin samtök væru um útstrykun af þeirra flokksmanna hálfu, er við bæjarstjórnarkosningarnar 1934 studdu Sjálfstæðislista þann, er ég var efsti maður á. Enda reyndist það svo.

Var nú þráttuð hin mesta ein-drægni á þeim fundum, er stuðningsmenn D-listans héldu.

En nú er komið á daginn hver heilindin hafa verið.

Um leið og einhuginn er boðaður, er sérstök klíka að verki. Klíka, sem heldur skóla hingað og þangað í bænum, til að kenna mönnum að stryka út og færa til, án þess að ónýtja atkvæðaseðilinn. Og það er sannanlegt, að útsendarar fyrir einn móttíðuflokkinn og nokkrir Sjálfstæðismenn liggja með Gróu-

sögur í eyrum þeirra kjósenda, sem þeir vona að séu talhlyðnir.

En hefði verið vitað um þessi óheilindi var sannarlega hægt að láta krók koma á móti bragði — móteitrið gat verið til.

Liðið skiptir sér. Flest starfar að skemmdarstarfsemi innan flokksins. En öllu fleira gengur þó berlega til kosninga með KEA-mönnum, eins og Jónas hafði sagt fyrir. Eða hvar væri annars fylgi Jakobs Karlssonar, sem ábyggilega á engan þátt í þessari óvinnu. Er það hinir 157 menn er strykdu mig út? Nei! Óheilindamennirnir nota mannkosti Jakobs Karlssonar og vinsældir innan flokksins, til þess að fá mig og frk. Arnfinnu útstrykuð. — En svívirða hann síðan með fylgissvikum, og ganga berlega til kosninga með Framsókn.

Vitanlegt er, að Sjálfstæðiskonurnar, sem fengu frk. Arnfinnu Björnsdóttur inn á D-listann, unnu ósæmilega að fylgi hans. Fulltrúi þeirra er svívirður með því, að hann er útstrykaður af 114 flokks-systkinum hans.

En hafi sundrunarliðið eigi þóttst sjá aðrar afleiðingar af þessu en þær, að ég og A. B. biðu við það álitshnekk og fall við kosninguna, þá voru þeir aðeins lítils-sigldir fávitar.

En hafi þeir líka tekið með í reikninginn, að þetta mundi verða til að tvístra öllum borgaralegum kjósendum og félagskap þeirra í bænum um ófyrirsjáanlegan tíma, þá eru forsprakkarnir að slíku samvirkulausir flokksniðingar.

Meir en $\frac{2}{3}$ hlutar kjósenda D-listans, gengu undirhyggjulaust til þessara kosninga. En að svo fór sem nú, — og almennigur getur vart áttað sig á, að eist maður á lista félli, með hlutfallslega ekki fleiri útstrykanir en 157 af 900 — kemur af breyttum kosningalögum, þar eð svo litlu munar, $\frac{1}{100}$ úr atkvæði milli fulltrúaefna á listanum. Eða listi sem til dæmis fær 200 atkvæði þarf eigi nema 10 útstrykanir til að koma einum niður fyrir annan.

Þarf því ekki nema tiltölulega fáa óheilindamenn til að eyðileggja allt samstarf innan flokkanna.

Afleiðing af þessari skemmdarstarfsemi og stigamennsku flokks-svikaranna, er fyrst og fremst sú, að tapast hefir eitt sæti Sjálfstæðisins í bæjarstjórn, vegna liðhlaups til Framsóknar og óeiningar. Ennfremur er uppvís, að ýmsa góða menn hrylli við á síðustu stundu, að ganga til kosninga með slíkum óheilindalýð og sátu því heima.

Í öðru lagi er flokkurinn hér tvístraður um ófyrirsjáanlegan tíma.

Sjálfstæðisfélag kvænna, sem telur á þriðja hundrað meðlimi, er

svívirð með því, að fulltrúi þess á listanum er útstrykaður og ekki varinn fyrir aukasti andstæðinganna.

Og þegar þetta er um garð gengið, er sem hlakki í mörgum þeim, sem þykjast vera Sjálfstæðismenn.

Þeir vilja láta þetta vera gott og blessað. Vilja láta sem ekkert hafi verið, og ekkert verði við þessum óhappaverkum gert.

Þeir sem náðu kosningu gera kosningabandalag við KEA-menn í bæjarstjórninni, í nefndir og fleira. —

Ég fór fram á við hina kjörnu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins að fá að sitja áfram í þeim nefndum utan bæjarstjórnar, sem ég áður var í. svo sem fasteignamatnefnd og sjúkrasamlagsstjórn.

Að fá sæti í sjúkrasamlagsstjórn var eigi við komandi. Heldur fær Framsókn 2 menn af 4 kosna í stjórnina, enda þótt vitað væri að Framsókn fengi 5. manninn, (formanninn) stjórnskipaðan.

Er það einkennilegt, að láta KEA-liðið fá meirihluta í sjúkrasamlagsstjórninni, þó flokkur þess telji aðeins 3 menn af 11 í bæjarstjórninni.

Er nokkuð auðséd, hvað þar muni undir búa.

EKKI vildu hinir kjörnu Sjálfstæðisfulltrúar — að undanskildum B. T. — sýna lit á, að bæta fyrir kosningaóheilindin, sem þó helzt mætti líkja við einkonar launmörð.

Þeir vildu ekki hafa sína varamenn í neinskonar ráðum með sér um skipun nefnda, eða annað slíkt.

Þeir vildu ekki lofa þeim að sitja á fundi með sér til undirbúnings nefndarkosninganna. Ekki einu sinni á þann hátt vildu þeir gjöra tilraun til að mýkja hugi allra þeirra hrekklause kjósenda, sem léðu D-listanum fylgi í því trausti, að hann yrði óbreyttur. — Með þeirra fylgi voru þeir þó fyrst og fremst inn í bæjarstjórn komnir — en ekki sundrunalýðsins — og þar þeim því síðlerdisleg skylda til að hafa þá menn með í ráðum, sem langsamlega meirihluti fylgismannaanna ætlaðist til, að yrðu kosnir. Í öðru lagi er slíkt talin flokksleg skylda, en annað óhæfa.

Hvað gjörir stjórn og fulltrúaráð Sjálfstæðisfélags Akureyrar? Ekkert.

Þeir kalla ekki einu sinni saman fund til að ræða kosningarnar, né beiddast afsökunar á óhappaverkunum. —

Því þvo ekki þeir sínar hendur?

Það gjörði þó fulltrúaráð Framsóknarfélagssins eftir hinar eftirminnilegu útstrykanir á Brynleifi Tobíassyni 1934.

Fulltrúaráðið beiddist opinberlega afsökunar á verknaðin-

Útgerðarmenn!

Með m. s. »Dronning Alexandrine« næstk. miðvikudag, 23. febr. kemur til Akureyrar SÉRFRÆÐINGUR frá hinni alþekktu veiðarfæraverksmiðju

Johan Hansen's Sønner, Bergen

Þeir, sem þurfa að kaupa sildarnót eða nótastykki fyrir næstu vertíð, eru vinsamlega beðnir að leita upplýsinga hjá umboðsmönnum verksmiðjunnar:

I. BRYNJÓLFSSON & KVARAN
AKUREYRI SIMI 175

um, og lýsti yfir að kosningaóheilindin hefðu hvorki átt sér stað með vitund þess né vilja og harmaði úrslitin, en lýsti hinsvegar fullu trausti á Brynleifi Tobíassyni.

Sjálfstæðismenn hér hafa oft í ræðu og riti vitnað í þessi kosningaóheilindi frá 1934. En hvað gjöra þeir nú, þegar þá hefir hent hið sama og margfalt verra? Þeir steinþegja.

Er þó margur Sjálfstæðiskjósendinn hér í bæ langeygður eftir, að fá að sjá svipaða yfirlýsingu viðvíkjandi þeim, sem urðu fyrir hinu sama á Sjálfstæðislistanum, frá stjórn og fulltrúaráði Sjálfstæðisfélags Akureyrar.

Þeir eru forvitnir á að fá að sjá skina þar undir nöfn sem Indriða Helgasonar, Steins Steinsen, Tómasar Björnssonar, Gunnars Schram, Ágústur Kvaran o. fl.

En þótt þessir menn vilji ekkert gjöra til að bæta fyrir það sem skeð hefir, og sumir þeirra líti jafnvel með velþóknun á verknaðinn og afleiðingar hans fyrir Sjálfstæðisflokkinn og borgaralega stefnu hár í bæ, þá skulum vér þó ekki sitja auðum höndum.

Ég vil því alvarlega skora á alla þá, sem frjálsum framtaki og athafnafrælsi unna, að standa aldrei fastar saman en einmitt nú.

Standa sem fastast saman um þá eiginlegu stefnu Sjálfstæðisflokksins, að einstaklingsframtakið fái að nióta sín, undir eftirliti hins opinbera.

Undir því eftirliti að allir séu jafnir fyrir lögnum.

Engum verði leyft, hvorki auðhringum né einstaklingum, að kúga frjálsta hugsun og framtak, beint eða óbeint.

Brjótum á bak aftur þá stefnu, sem nú, því miður, virðist hafa töluvert fylgi í landinu, að gefa ríkinu og auðfélögum einkaréttindi til atvinnurekstrar og ívilnanir á sköttum.

Allir þekkjja úr sögunni, eða ættu að þekkjja, hver afhröð þjóðfélögin hafa gildið við slíkt.

Kirkjan á miðöldunum, aðalsmannaveldið og kaupmannafélögin, hvert af öðru börðust fyrir og

fengu skattfrælsi, ívilnanir, einkaréttindi og vernd hins opinbera valds. Allt á kostnað alþýðunnar, sem æfinlega hefir orðið að bera byrðarnar.

Og æfinlega hefir þessi stefna orðið fyrr eða síðar einkaréttarhöfunum sjálfum til falls, því allur óréttur hefir sín.

En alþýðunni hefir blætt. Þess vegna sem flesta sjálfstæðamenn. Sem flesta sjálfstæða framleiðendur. Menn sem eru með í verkinu, og leggja þar allt sitt við, áhættu og erfiði.

Sem fæsta stóriðjuhöldu, er veita öðrum atvinnu. Sem flesta smærri iðnrekendur.

Þá verða ekki kaupdeilur og verkföllin eins tíð.

Þeir sem óska að framleiðsla, iðnaður og verzlun verði á frjálsum og óháðum höndum, — þeir sem vilja athafna- og olnbogarfými, eiga nú að standa sem allra fastast saman um sitt gamla vígrið: »Frjálssir menn í frjálsum landi«. Og mynda nú þegar með sér öflugan félagsskap til þess.

Og þótt farið hafi sem nú, að náttúrlífi frá miðöldum eða þeirra hugsunarháttur, hafi valdið sundrunu og sambaldsleysi, þá látum sem fyrst fenna yfir þau óheilla-spör, en kvikum í engu frá skoðunum vorum og réttu máli.

Vikjum náttúrlífunum til hliðar.

Íbúð óskast,

2 herbergi og eiddúsi, á góðum stað í bænum, frá 14. maí n. k. Fyrirframgreiðsla ef óskað er. R.v.á.

Nýjasta tízka.

Mjög falleg og ódýr kjólatau nýkominn í

Hattabúð Akureyrar.

Tilbúnaður HURÐIR

fást hjá

Tómasi Björnssyni, Akureyri.

ÍSLENDINGUR

Ritstjóri og afgreiðsla: Jakob O. Pétursson, Fjólugötu 1. Sími 375. Pósthólf 118.

XXIV. árgangur.

Akureyri, 11. Febrúar 1938.

9. tölubl.

Jón Sveinsson:

Nú gjörist skammt stórra höggva á milli

Hinar eftirminnegustu bæjarstjórnarkosningar hjá Sjálfstæðisflokknum á Akureyri eru nú um garð gengnar. Munu þær lengi í minnum hafðar vegna hinna miklu óheilinda og fádæma ódrengskapar, sem ýmsir kjósendur flokksins hafa beitt við atkvæðagreiðslu.

Þar sem kosningar þessar snerta mig allmjög persónulega, sem efsta mann á lista Sjálfstæðisflokksins, finn ég mig knúðan til að fara um þær nokkrum orðum, ekki sízt þar sem þeir þegja, sem flokkslegrar skyldu sinnar vegna hefði staðið nær eða verið skylt að skrifa um þær.

Verður þá fyrst fyrir að rekja sögu og aðdraganda alls þessa máls.

Við bæjarstjórnarkosningarnar 1934 voru 2 listar í kjöri hjá Sjálfstæðismönnum í bænum, eins og Hagföndin bera með sér. Ég var elfsti maður á öðrum, en á hinum var elfsti maður núv. þingmaður bæjarins, Sig. Ein. Hliðar. Um báða þessa lista var fullkomid samkomulag innan kosningaráðs Sjálfstæðisfélagsins og annarra þeirra, er að framboði listanna stóðu. Af sérstökum ástæðum þótti fullt eins vengt til kjörfylgis fyrir flokkinn að hafa listana tvo þannig skipaða, enda bar ekki á neinni óeiningu milli þeirra er að listunum stóðu, meðan kosningarhríðin stóð yfir. Leikar fóru svo, að sá listi sem hr. Sig. Ein. Hliðar skipaði efsta sæti á, hlaut mest atkvæðamagn af öllum listum, er þá voru í kjöri, eða 410 atkv. og kom að 3 mönnum. Sá listi, sem ég var elfsti maður á, hlaut 357 atkv. og kom að 2 mönnum. Alls voru 6 listar í kjöri, og hlaut því Sjálfstæðisflokkurinn 5 fulltrúa á móti 6 af hinum listunum fjórum. Var það sama bæjarfulltrúatala og Sjálfstæðisfl. hafði komið að í bæjarstjórnarkosningunum 1930.

Árið 1929 voru 4 bæjarfulltrúar kosnir. Þá voru 3 listar í kjöri frá aðalstjórnsmálaflokkunum. Verkamannaflokkurinn var þá óskiptur. Listi hans fékk mest atkvæðamagn og kom að 2 mönnum. En það hefir aldrei komið fyrir, hvorki fyrr né síðar, að verkamannaflokkurinn einn hafi náð mestu kjörfylgi hér í bænum. Listi Sjálfstæðismanna kom ekki að nema einum

manni, Hallgr. heitnum Davíðssyni. enda þótt hann væri áhrifaríkur gáfumaður og mjög vinsæll. Indriði Helgason var þá annar maður á listanum.

Að afstöðnum bæjarstjórnarkosningum 1934 sótti ég um bæjarstjórastöðuna áfram. Hafði ég þá gegnt henni samfleytt í 15 ár. Var ég fyrst kosinn af bæjarstjórninni 1919, síðan endurkosinn 1922 með atkv. allra bæjarfulltrúa. Þá var ég enn endurkosinn 1925 með 6 atkv. gegn 5. Þá var núv. sýslumaður Jón Steingrímsson í kjöri á móti mér, og hlaut hann atkvæði jafnaðarmanna, Framsóknarmanna og fæður síns, fyrrv. bæjarlög. Steingr. Jónssonar, sem þá sat í bæjarstjórn sem fulltrúi Sjálfstæðisflokksins. 1928 var ég kosinn bæjarstjóri með almennum kosningum, því árið 1926 höfðu gengið í gildi lög, sem heimiluðu borgurum að kjósa sér sjálfir bæjarstjóra. Ég hlaut 804 atkvæði. Á móti mér var aftur í kjöri Jón Steingrímsson, og hlaut 396 atkv. Í kosningunum var ég yfirleitt studdur af Sjálfstæðismönnum, en Jón Steingrímsson hafði eindreginn stuðning hjá biððum Framsóknar- og verkamanna. Loks var ég endurkosinn 1930 og þá af bæjarstjórn, því 1929 var valdið aftur tekið af borgurum, að mega sjálfir velja sér bæjarstjóra.

En er kemur að kosningu bæjarstjóra 1934, fóru svo leikar, að hinir 3 menn, er komust í bæjarstjórn af þeim lista Sjálfstæðisflokksins, er Sig. Ein. Hliðar var elfsti maður á, kusu mig ekki. Þeir kusu núverandi bæjarstjóra Stein Steinsen, ásamt 2 Framsóknarmönnum, 1 kommúnista og manni, kjörnum af lista, en þorinn var fram af nokkrum iðnaðarmönnum í bænum. Ég hlaut aðeins 3 atkvæði. Ég varð strax að láta af mínu starfi sem bæjarstjóri, en þar sem ráðningatími minn var ei útrunninn fyrr en 1. júlí það ár, samþykkti bæjarstjórnin að láta mig halda fullum launum þann tíma. Aftur voru mér engin eftirlaun boðin né trygging fyrir líffeyri, hvorki fyrir mig né þá konu, ef ég félli frá, enda hef ég eigi um það beðið. Var ég þó eigi ljáður maður, þegar ég lét af bæjarstjórastarfinu og ólíkt forst Reykvikungum við Knud

NÝJA BIO

Föstu- og Sunnudagskvöld kl. 9:

GOLGATHA

frönsk stórmynd í 10 þáttum. Aðalhlutverkin leika beztu og frægustu leikarar Frakka:

Robert Le Vigau, Harry Baer, Jean Gabin, Juliette Verneuil.

Eins og aðn þessarar myndar bendir á er efni hennar sótt í Nýja testamentið, og orkar eigi tvímælis um að Frakkar hafa þarna teft fram sínu beztu hvað leik og allan útbúnað snertir. — Myndin er átakanleg og fógur, og hún mun vekja alla sem sjá hana til umhugsunar um þau atriði í lífinu, sem flestir láta sér í létta rúmi liggja nú orðið. —

Laugardagskvöld kl. 9:

Kona í hlekkjum

Tal- og hjómmynd í 10 þáttum. Aðalhlutverkin leika:

Myrna Loy og Spencer Tracy.

Myndin er tekin eftir sögunni »Whipsaw» eftir James Edward Grant og segir frá því hvernig Koronoff-perlunum var stolið á tollstöðinni í New York, og öll þau spennandi leynilögregluæfintýri í sambandi við uppljóstrun þjófnadarsins.

Myndin er stranglega þönnuð börnum.

Sunnudaginn kl. 5:

Frænka Charley's

Alþýðusýning!

Niðursett verð!

Zimsen borgarstjóra sinn, er hann lét af störfum eftir 18 ára þjónustu.

Sú afstaða, er sumir fulltrúar Sjálfstæðismanna í bæjarstjórn tóku á síðustu stundu gagnvart mér við bæjarstjórakjörið kom mjög flatt upp á mig, af því að meðan á kosningu stóð kom ekkert það fram innan Sjálfstæðisflokksins, sem bentu til, að allir bæjarfulltrúar hans stæðu ekki saman að kosningu bæjarstjóra. Auk þess hafði bæjarstjórn borizt skrifleg áskorun frá nær 800 kjósendum í bænum, um að veita mér bæjarstjórastöðuna áfram. —

Þrátt fyrir þessi úrslit við bæjarstjórakjörið, bauð ég og skoraði á Sjálfstæðisfulltrúana að standa saman í bæjarstjórninni sem einn flokkur, kjósa saman í nefndir og yfirleitt vinna saman að stefnu Sjálfstæðisflokksins í bæjarmálum. Það var samþykkt, og var samvinna með okkur fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn góð allt kjörtímabilið.

Því er ekki að leynd, að af af-

stöðnu bæjarstjórakjöri 1934 kom upp mikil ónægja og sundrung meðal Sjálfstæðiskjósenda í bænum. En fyrir tilstilli Jóns sál. Þorlákssonar, form. Sjálfstæðisflokksins, og fleiri góðra manna, var reynt að láta þær ónægjuöldur hjáðna og jafna þá misklið, sem reis út af bæjarstjórakjörinu. Álitu líka flestir málsmetandi — og hrekklausir menn hér í bænum, innan flokksins, að slíkt hefði tekist, ekki sízt þar sem ég dró mig til baka að vera í kjöri við Alþingiskosningar á Akureyri bæði 1934 og 1938, og studdi í bæði skiptin eindregið að kosningu þingmannslefnis Sjálfstæðisflokksins, og mælti mjög með, að þeir sem mér vildu fremur fylgja, gerðu hið sama.

En nú vikur sögunni til Húna. Fjögur ár eru liðin og tekið að undirbúa nýjar bæjarstjórnarkosningar. Sjálfstæðisfélag Akureyrar skýtur á fámennum fundi. Nær 30 mæta — að því er form. félagsins segir mér — og velja sér 14 manna kosningaráð. Er svo vandlega tilstillt, að enginn þeirra

manna, sem í kjöri var 1934 á þeim lista, sem ég var efsti maður á, er kosinn, og heldur enginn, er vitað var um, að eindregið hefði fylgt þeim lista. Tóku þegar að rísa úfar og getgátur að ganga um, hvað þessir herrar, sem æfð skoða sig útvalda til þess að ráða ráðum allra Sjálfstæðiskjösenda í bænum, æluðust fyrir.

Á sérstökum ástæðum hafði ég eiginlega frádráð að neita að vera í kjöri við þessar bæjarstjórnarkosningar. Jón Guðlaugsson hafði fastákvæðið að gera hið sama. Hvað mig snerti var það þó eigi af því, að ég myndi andstöðu á móti mér innan flokksins. Þvert á móti. Ýmsir af hinum mest megnu mönnum Sjálfstæðisfélagsins — þar á meðal formaðurinn — sem ekki fylgdu mér til kosninga 1934, höfðu frá því í haust skorað á mig að vera efstan á lista, því að þeir töldu að enginn hefði jafnmikið fylgt til vinstri í flokknum sem ég, og það yrði stórtap fyrir flokkinn, ef ég yrði eigi í kjöri. Þeir sem að listanum stóðu, sem ég var efsti maður á þá, skorðu enn fastar á mig að vera í kjöri, hvort sem borgaraflokkarnir hefðu 1 eða 2 lista.

Það var eindreginn vilji minn að reyna að stilla þannig til, að Sjálfstæðismenn gengju nú óskiptir til kosninga og þá til fylgis við þá aðra borgaralega sinnada kjósendur í bænum. Því var það, að fulltrúar þeir og varafulltrúar í bæjarstjórn, sem kosnir voru með mér 1934, ásamt tveim þekktum mönnum utan Sjálfstæðisliðs, þeim Brynleifi Tobiassyni og Svafari Guðmundssyni, boðuðu til fundar bæði meðal þekktu kjósenda, sem að okkar lista stóðu 1934, sem og meðal annarra borgaralegra kjósenda utan Sjálfstæðisflokksins.

Fundurinn var vel sóttur og samþykkt í einu hljóði tillaga frá mér þess efnis, að skora á alla þá kjósendur, sem hinni borgaralegu stefnu vilja fylgja, að fylkja sér að eins undir einni lista við þessar bæjarstjórnarkosningar og leita samkomulags Sjálfstæðisfélaganna í bænum þar um. Voru síðan 7 menn kosnir í kosninganeind til að annast um þetta og vera í ráði um samningu sameiginlegs lista. Þessi ályktun var síðan fyrst rædd í Sjálfstæðisfélagi Akureyrar og samþykkt þar mjög mótiðulífið. — Síðan var fallist á hana af forráðamönnum hinna Sjálfstæðisfélaganna, og loks var komið sér saman um heiti listans.

Því næst var ákveðið að boða skyldi til fundar meðal hinna 3ja Sjálfstæðisfélaga í bænum og láta fara fram almenna kosningu á bæjarfulltrúafnum.

Fundur sá var síðan haldinn og mættu á annað hundrad kjósendur. Samþykkt var að kjósa fyrst 6 aðalfulltrúafnefni. Kosning féll þannig: Jakob Karlsson 111 atkv., Axel Kristjánsson 99, Brynleifur Tobiasson 98, Jón Sveinsson 85, Arnfinna Björnsdóttir 83 og Ólafur Jónsson 61. Næstur var Indriði Helgason með 36 atkv.

Síðan var kosningaráðunum falið að ráða þessum 6 fulltrúafnum í efstu sæti listans og bæta fleirum við, svo að listinn yrði fullskipaður.

Það var þegar umtal innan kosningaráðanna, að láta röðunina á efstu sætum listans fara eftir því atkvæðamagni, sem fulltrúafnin hefðu fengið, og var ég því eindregið fylgjandi. Þó heyrðust raddir um, að Indriði Helgason myndi enn gera tilraun til þess að komast í öruggt sæti á listanum. Ólafur Jónsson neitaði að vera í kjöri, og gat hann það, fyrir hversu stutt var umliðið, síðan hann síðast safi bæjarstjórn. Var þá talið sjálfsgætt að Indriði skipaði 6. sæti listans.

Loks var haldinn lokafundur með kosningaráðunum, til að ganga endanlega frá listanum. Í byrjun fundar flutti formaður Sjálfstæðisfélags Akureyrar, Önnul. Tr. Jónss., þá tillögu, að ég yrði efsti maður listans, Axel 2., Brynleifur 3., Indriði 4., Arnfinna 5. og Jakob 6.

Ég mótmælti því þegar í stað, og vildi að röðunin væri eins og Sjálfstæðisfélagin hefðu gengið frá henni, og að Indriði yrði tekinn í 6. sæti í stað Ólafs Jónssonar. — Taldi ég sjálfsgætt, vegna þess þverbrests, sem áður hafði komið í flokkinn, að efsta sæti á listanum skipaði maður, sem væri jafnvel séður af báðum hinum gömlu flokksbróttum, en það var einmitt Jakob Karlsson, og auk þess hafði hann hlotið mest fylgi við prófkosningu. En hvað sem ég sagði, þá skorðu allir á mig að verða við því að taka efsta sætið, og fylgja tillögunni.

Ýmsir nánustu fylgismenn Indriða lýstu því yfir, að Jakob væri því eigi mótfallinn, þótt hann yrði settur í 6. sæti listans, en sjálfur var hann ekki á fundinum. Tillagan var síðan samþykkt með öllum atkvæðum gegn mínu. Fanneyjar Jóhannesdóttir og Bolla Eggertssonar.

Síðan var fullkomlega gengið frá framboðslistanum, og virtist mér minir gömlu mótsstöðumenn vera harla ánægðir með hann. Einn hélt innhjálgja ræðu, og lýsti yfir, að vilanlega yrði Jón Sveinsson málsvari Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn og ætli því að skipa efsta sætið. Indriði Helgason, formaður kosningaráðsins, hélt hvatningaræðu og skoraði á alla að stuðla að fullkomnum heilindum í kosningunni, og lýsti því yfir, að kjörord Sjálfstæðismanna ætti að vera: »Sjálfstæðisflokkurinn skal koma að sex mönnum«. Hann þekkti hið forna fylgi.

Um röðun framboðslistans hefi ég verið nokkuð laugorður, sakir þess að eitt vopnið, sem notað var á móti mér í kosningahöfðunni, af óvildarmönnum mínum, var að það hefði verið mitt verk, að Jakobi Karlssyni hefði verið bægt niður í 6. sæti listans.

Framh.

Alþingi er kvatt saman 15. þ.m.

Til sölu

nokkur þór af
HICKORYSKÍÐUM

Sanngjarnt verði
Magnús Bjarnason, Strandg. 17.

Verzlunarmannafél. á Akureyri

Félagsmenn vitji aðgöngumiða að afmælishátíð félagsins í Braunsverzlun fyrir kl. 8 í kvöld. —

Ath. Mætið stundvíslega kl. 8 á laugardagskv.
SKEMMTINEFNDIN.

Brunabótafélag Islands

Aðalskrifstofa Hverfisgata 10, Reykjavík.

Umboðsmenn í öllum hreppum, kaupfélum og kaupstöðum.

Lausafjárvátryggingar (nema verzlunaryrur) hvergi hagkvæmari!

Bezt er að vátryggja laust og tast á sama stað!

Upplýsingar og eyðublað á aðalskrifstofu og hjá umboðsmönnum.

Frá rafveitumálinu.

Þar sem »Dagur« kvað fregnir þær, »tilhæfuleusan uppspuna«, sem genu um bæinn fyrir nokkru síðan, um að enska lánið til rafveitunnar væri strandað, verður birtur hér orðréttur kaflinn úr fundargerðabók Rafveitunefndar Akureyrar frá 27. f. m.:

»Vilhjálmur Þór skýrði frá því, að eins og nefndinni er áður kunnugt, hafi lánveitendur í Bretlandi fallið á að veita 90000 £ lán, á grundvelli þess skuldabréfsuppkasts, sem sent var, en þó áskilið sér rétt til breytinga á einstöku smærri atvöldum, ef til kæmi. Lánið til 22ja ára, aðborgunarlaust 2 fyrstu árin. Eins og nefndinni er einnig kunnugt um þarf leyfi breytinga stjórnarinnar til lánveitinga úr landi. Hefir verið unnið að því undanfarið að fá þetta leyfi, en í gær kom tilkynning um það, að leyfi breytinga ríkisstjórnarinnar hafi enn ekki fengið og fáið ekki tilgreitt að minnsta kosti í þessum...

Það er ekki nema eðlilegt, að »Dagur«, sem notaði m. a. þetta enska lán til atkvæðaveiða fyrir Blistann, þegi yfir þessu skeyti eða tilkynningu, sem um getur í fundargerðinni. Og þótt enginn geti séð, að fregnir þær, er kvisuðust af Rafveitunefndarfundinum, séu »tilhæfuleaus uppspuna«, þá er sennilegt, að hinar feitletruðu, innrömmuðu smágreinar í »Degi« um þetta mál kvöldið fyrir kosningarnar hafi blekkt einstaka kjósenda til þeirrar trúdar, að engin veruleg truflun hafi orðið á málinu. Þessvegna er rétt, að það sem mestu máli skiptir í fundargerð Rafveitunefndar 27. f. m. komi fyrir sjónir almennings, svo að hann geti sjálfur dæmt um sannsögli blaðanna.

Þegar þetta er ritað hefir ekkert nýtt gerst í þessu máli, svo kunnugt sé.

Samtímaskák. N. k. sunnudag kl. 1 tellir Guðmundur Aralauugsson samtímaskák við 40 menn úr Skákfélagi Alþýðu í Verktyðshúsinu.

Hin nýkjörna bæjarstjórn Akureyrar

hélt fyrsta fund sinn 8. þ. m. til þess að kjósa bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar og ýmsar nefndir.

Bæjarstjóri var kjörinn Steinn Steinsen með 6 atkvæðum. Ingólfur Jónsson fékk 3 atkvæði, en 2 séðlar voru auðir.

Forseti bæjarstjórnar var kjörinn Brynleifur Tobiasson með 6 atkvæðum (5 séðlar voru auðir). Varaforseti: Árni Jóhannsson með 6 atkv. Skrifarar: Axel Kristjánsson og Steingrímur Aðalsteinsson.

Þá fór fram kosning í fastar nefndir, er féll þannig:

Fjárhagsnefnd:

Jakob Karlsson, Vilhjálmur Þór, Steingrímur Aðalsteinsson.

Vatnsveitunefnd:

Axel Kristjánsson, Árni Jóhannsson og Erl. Friðjónsson

Veganefnd:

Brynl. Tobiasson, Jóh. Frímann, Steingr. Aðalsteinsson.

Rafmagnsnefnd:

Axel Kristjánsson, Indriði Helgason, Jónas Þór, Þorst. Þorsteinsson, Erlingur Friðjónsson.

Jarðeignanefnd:

Jakob Karlsson, Ólafur Jónsson, Vilhj. Þór, Magnús Gíslason, Sig. G. Sigurðsson.

Sundnefnd:

Axel Kristjánsson, Jóh. Frímann, Þorst. Þorsteinsson.

Brunamálanefnd:

Brynl. Tobiasson, Indriði Helgason, Árni Jóhannsson, Magnús Gíslason.

Húseignanefnd:

Brynl. Tobiasson, Árni Jóhannsson, Elísabet Eiríksdóttir.